

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 575/2013 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af kostnaði við hirðingu grátunnu og blátunnu. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðahverfumhverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorphirðugjöld:	Íbúðarhús:	Grátunna	Blátunna
		kr. 15.000	kr. 5.000

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu.

Sorpeyðingargjöld:	Íbúðarhúsnæði	kr. 17.800
	Sumarbústaðir	kr. 15.400
	Atvinnuhúsnæði	kr. 38.600

Sérstakt aukasorpgjald er innheimt vegna gámapalla, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaði vegna gámapalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarfélaginu skv. magntölum frá verktaka sorphirðu. Aukasorpgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekenda:

a. flokkur	kr. 28.900
b. flokkur	kr. 57.400
c. flokkur	kr. 86.100
d. flokkur	kr. 143.300
e. flokkur	kr. 190.700
f. flokkur	kr. 286.600
g. flokkur	kr. 383.100
h. flokkur	kr. 478.900
i. flokkur	kr. 574.800

4. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 10. desember 2013 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 22. nóvember 2013. Gjaldskráin tekur gildi með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1056/2012.

Hrunamannahreppi, 10. desember 2013.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.